



Fundargerð.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps fundaði fimmtudaginn 12. júní 2014.

Fundur hefst kl. 13⁰⁰ í Kirkjuhvoli, Kirkjubæjarklaustri.

Þetta er 372. fundur sveitarstjórnar, 7. fundur ársins 2014.

Fundargerð er tölvuskráð af sveitarstjóra og er 2 blaðsíður.

Guðmundur Ingi oddviti, býður fundarmenn velkomna.

Mættir undirritaðir sveitarstjórnarmenn ásamt Eygló Kristjánsdóttur, sveitarstjóra.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta fundi.

Dagskrá

I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. Ársreikningur Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla 2013.

Samkvæmt rekstrarreikningi er afgangur af rekstri heimilisins að fjárhæð 1.647 þús. kr en á árinu 2012 var rekstrartap 3 millj.kr. Vistgjöld námu 144millj. kr á árinu 2013 en námu 123 millj. kr á árinu 2012. Rekstrargjöld fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld námu 157,7 millj. kr. en námu 139,4 millj. kr. á árinu 2012.

Sveitarstjórn fagnar niðurstöðu ársreikningsins og þakkar starfsfólki og rekstrarnefnd góðan árangur.

Sveitarstjórn samþykkir og áritar ársreikninginn.

2. Umsókn um stofnun lóðar á Breiðabólstað.

Sigurjóna Matthíasdóttir kt. 131255-3309 óskar eftir því að stofnuð verði lóð í landi Breiðabólstaðar, Skaftárhreppi skv. meðfylgjandi lóðablaði og uppdrætti.

Sveitarstjórn samþykkir stofnun lóðarinnar og felur fulltrúa skipulags- og byggingamála að ljúka málinu.

3. Þjónustusamningur Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu um Sérdeild Suðurlands, Setrið í Sunnulækjarskóla.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn fyrir sitt leyti.

II. Fundargerðir til samþykktar.

1. 98. fundur rekstrarnefndar Klausturhóla, 5. júní 2014.

4. liður – RB situr hjá við afgreiðslu.

Fundargerðin samþykkt.



2. 131. fundur fræðslunefndar, 2.júní 2014, ásamt greinargerð frá menntastefnunefnd dags. 2.júní 2014.
Fundargerðin samþykkt.

III. Fundargerðir til kynningar.

1. Ársfundur Náttúrustofu Suðausturlands, 10. apríl 2014.
2. 15. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og V.Skaftafellssýslu, 26. maí 2014.
3. 816. fundur stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, 16. maí 2014.
4. 15. fundur starfshóps um málefni Skaftár, 13. maí 2014.

IV. Annað kynningarefni.

1. Styrkur til framkvæmda við göngustíga, öryggispalla, náttúruvernd og öryggismál við Fjaðrárgljúfur, kr. 2.000.000.- frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

V. Samþykkt fundargerðar / Fundarslit

Oddviti þakkar sveitarstjórnarmönnum, fulltrúum í nefndum og ráðum og starfsfólki sveitarfélagsins gott samstarf á liðnu kjörtímabili og óskar nýrri sveitarstjórn velfarnaðar í störfum.

Aðrir sveitarstjórnarmenn taka undir þakkir og góðar óskir.

Fundargerð lesin upp, samþykkt og árituð. Fundi slitið kl. 13:45.

Guðmundur Ingi Ingason

Rannveig E. Bjarnadóttir

Jóhannes Gissurarson.

Þorsteinn M. Kristinsson

Sverrir Gíslason